

Lesin var upp á þingi dómsprósess úr Arnarfirði um mál Sigmundar Atlasonar, Sigurðar Gíslasonar og Jakobs Jónssonar sem viðurkenndu að hafa haft undir höndum blöð nokkur. Á næsta þingi (1720) voru þeir dæmdir til sekta til hospítalsins.

Borin var undir lögréttu ákæra upplesin á Auðkúlu um veikindi með galdri. Lögrétta svarar:

*Magnús Jónsson á og skal engan eið afleggja fyrir líkindalausn áburð Jóns Jónssonar.*

Sýslumaðurinn aðvaraður um að hann ei þvílík marklítil mál oftár til lögréttunnar úrlausnar setji.

Með þessum orðum lögréttu er talið að galdraöld ljúki.